

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 84/2015****2016/EES/42/11****frá 30. apríl 2015****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/68/ESB frá 15. maí 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði <sup>(1)</sup>.
- 2) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2014/68/ESB fellur úr gildi, frá og með 19. júlí 2016, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB <sup>(2)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum frá og með 19. júlí 2016.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði VIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 6a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB):  
„– **32014 L 0068**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/68/ESB frá 15. maí 2014 (Stjtið. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 164).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/35/ESB):  
„6e. **32014 L 0068**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/68/ESB frá 15. maí 2014 um samræmingu laga aðildarríkjanna um að bjóða þrýstibúnað fram á markaði (Stjtið. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 164).“
3. Texti liðar 6a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/23/EB) falli brott frá og með 19. júlí 2016.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/68/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 164.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB L 181, 9.7.1997, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Gianluca Grippa***

formaður.